

## Fundur Öldungaráðs 16.október kl. 14.30

### Mættir:

Gylfi Ingvarsson, Elínbjörg Ingólfssdóttir, Valgerður Sigurðardóttir form, Þórdís B. Kristinsdóttir, Þórarinn Þórhallsson og Elísabet Valgeirsdóttir

**Fjarverandi:** Guðlaug Steinsdóttir

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsögn um gjaldská á þjónustu Hafnarfjarðarbæjar fyrir eldri borgara. Umsögnin þarf að liggja fyrir 17 október.

*Öldungaráð Hafnarfjarðar gefur jákvæða umsögn um breytta gjaldskrá á fjölskyldu- og barnamálasviði. Þá vekur ráðið athygli á að þrátt fyrir breytingu á gjaldskrá til samanburðar við nágrannasveitarfélögin þá er Hafnarfjörður enn sem fyrr, lang lægstur. Ráðið fagnar því að frístundastyrk eldri borgara skuli viðhaldið. Öldungaráð Hafnarfjarðar minnir á yfirlýsingu Sambands Íslenskra sveitarfélaga vegna lífskjarasamningana.*

3. Önnur mál.

1.Umræða um fund í fjölskylduráði 3.október og aðgerðir í kjölfar þess fundar meðal annars með að ráða félags-og tómstundafræðing í félagsstarfið. Öldungaráð Hafnarfjarðar fagnar aðgerðum fjölskyldu- og barnamálaráðs í þjónustu við eldri borgara.

2.Umræða um fátækt og eldri borgara. Öldungaráð Hafnarfjarðar óskar eftir að athugað verði hversu margir eldri borgarar eru á almennum leigumarkaði.

3.Athugasemd. Ráðinu barst ábending um að bekkurinn Vörður er ekki á Hleinum heldur á Rauðhólsnefi.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt af fundarmönnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið .